

Aðalfundur Íps

29 ágúst 2021 KL: 16:00 fyrir árið 2020

Stjórnarmenn mættir Matthías Friðriksson, Sigurður Aðalsteinsson, Bjarni Sigurðsson, Guðrún Þórðardóttir. Mættir eru 13 manns

1. Kosning fundarstjóra og fundaritara
Arna Rut er kosin sem fundaritara
Matthías kosin sem fundarstjóri
2. Skýrsla stjórnar
Matthías les skýrslu stjórnar og óskar eftir því aðildafélög fari í skólana í sínum hverfum til að efla unglingastarf. Meirihluti samþykkir skýrslu stjórnar og eru allir þeir sem voru á fundinu frá aðildafélögunum samþykkir að sinna betur unglingastarfinu innan félags.
3. Gjaldkeri leggur fram reikninga.
Þar sem þeir voru ekki endurskoðaðir af hlutlausum aðila voru reikningar ekki samþykktir og ákveðið var að halda auka aðalfund þegar skoðaðir reikningar eru tilbúnir sem og á þeim sama fundi (aukaaðalfundi) á velja nýjan aðila til að skoða reikninga fyrir næsta aðalfund 2022.
4. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum
Ingibjörg leggur fram að fresta umræðu á fundi um lagabreytingar vegna þess að það eru ekki komnar heilstæðar tillögur og ákveðið var að búa til nefnd með fulltrúum aðildafélagana til að ganga frá þessum máli.
5. Kosning stjórnar
Matthías Örn Friðriksson býður sem forseta Íps samþykkt einróma
Jesper Sand Poulssen býður sem varaforseta Íps samþykkt einróma
Kristján Sigurðsson býður sig sem gjaldkera á móti Sigurði Aðalsteinssyni
Sá síðarnefndi vann atkvæðisgreiðsluna með 16 atkvæðum á móti 15.
Og er þar með kosin gjaldkeri Íps til tveggja ára eða til 2023.
3 bjóða sig fram sem meðstjórnanda
Björn Steinar Brynjólfsson, Guðrún Þórðardóttir og Ásgrímur Harðarson
Atkvæðisgreiðsla fer fram og atkvæðin fóru svona
Guðrún fær 6 atkvæði
Ásgrímur fær 11 atkvæði
Björn Steinar fær 13 atkvæði
Björn Steinar vinnur kosningu og verður meðstjórnandi til 2023
Varamaður kosin þeir sem bjóða sig fram
Guðrún Þórðardóttir
Ásgrímur Harðarson
Atkvæðisgreiðsla fór þannig fram
Guðrún 7 atkvæði
Ásgrímur 21 atkvæði
Ásgrímur er kosin til 2 ára eða til 2023

6. Ákveðið félagsgjald

Gjaldið er 4000 kr í dag og verður það áfram 4000 kr

7. Önnur mál

Það er lagt fram að þeir sem fara yfir lagabreytingar fari líka yfir agareglur
Það var samþykkt.

Óskað var eftir því að láta nöfn félaga í hverju aðildafélagi fyrir sig.
Fjöldi félagsmanna í hverju félagi verður sett á netið þar sem í
persónaverndarlögum er sagt að það sé bannað að láta nöfn félaga á netið.

Unglingalandsliðsþjálfarinn biður stjórn um að skoða með að stofna unglingaráð
eða unglingastjórn sem getur þá unnið sjálfstætt að málefnum unglingaþílu á
Íslandi í samstarfi með ÍPS. Það gæti verið gert á þann hátt að einn aðili úr stjórn
ÍPS sé sjálfskipaður í stjórnina/ráðið. Með þessari breytingu væri hægt að efla og
setja enn meiri kraft í unglingastarf á Íslandi tengt pílukasti.

Stjórn er spurð hvert peningarnir sem komu inn í félagið þegar Meistari
meistaranna var haldið og stjórn svarar að setið er á þeim peningum og verða
þeir líklega notaðir í sjónvarpsýningar, tæki eða eitthvað slíkt t.d en ekki er búið
að taka neina ákvörðun.

Fundi slitið

Kl 18:10

Undirritað

Arna Rut Gunnlaugsdóttir